

ákveðin sumpart sem tiltekinn aurafjöldi af seldum lítra sumpart sem hundraðsgjald af söluverði. Er slíkur háttur alþekkt kaupgreiðslufyrirkomulag, er í hlut á sölumaður við útbú verzlunar.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, verður að telja, að verzlunarrekstur Oliuverzlunar Íslands h/f á Blönduósi sé raunverulegt útbú, rekið þar, en af því leiðir, að greiða ber útsvar af verzlunarrekstrinum samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 106/1936.

Því úrskurðast:

Oliuverzlun Íslands h/f, útbú, Blönduósi, ber að greiða útsvar af verzlunarrekstri sínum þar til Blönduóshrepps, og ber því að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgerð.

Föstudaginn 22. marz 1946.

Kærumálið nr. 2/1946. Laxinn h/f

gegn

Vélsmiðjunni Jötni h/f

Kröfu um frest synjað.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 28. febrúar þ. á., sem hingað barst 7. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febrúar síðastliðinn, þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli aðilja. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að honum verði veittur 4 vikna frestur í málinu. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar eftir mati dómsins.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Laxinn h/f, greiði varnaraðilja, Vélsmiðjunni Jötni h/f, 250 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1946.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. þ. m., hefur Vélsmiðjan Jötunn h/f hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. október 1944, gegn h/f Laxinum hér í bænum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1292.31, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krafðist í fyrstu *ad allega* frávísunar á hluta kröfunnar, en til vara sýknu af þeim hluta. Af öðrum liðum kröfunnar hefur stefndi krafizt sýknu og málskostnaðar í aðalsök. Eins og siðar verður greint, hefur aðalstefndi fallið frá kröfu sinni um frávísun hluta sakarefnis. Þá hefur stefndi og höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 7. nóvember 1944, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 30000.00, með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök. Mál þetta var þingfest hinn 12. október 1944 og umboðsmanni stefnanda þá veittur viku frestur til þess að leggja fram greinargerð sína. Hinn 19. s. m. var sú greinargerð lögð fram og umboðsmanni stefnda þá veittur tveggja vikna frestur til greinargerðar og að honum liðnum viku framhaldsfrestur í sama skyni. Hinn 9. nóvember lagði umboðsmaður stefnda fram gagnstefnu og greinargerð. Var þá veittur tveggja vikna sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar um framangreinda frávísunarkröfu aðalstefnda, en á bæjarþingi hinn 23. nóvember féll umboðsmaður þess frá þeirri kröfu, og var umboðsmanni gagnstefnda þá veittur viku frestur til greinargerðar í gagnsök og að honum liðnum enn tveggja vikna frestur í sama skyni. Er sá frestur var á enda, var enn veittur framhaldsfrestur í sama skyni til 25. janúar 1945, en þann dag var enn veittur tveggja vikna framhaldsfrestur til hins sama svo og til sáttaumleitana. Hinn 8. febrúar 1945 lagði umboðsmaður gagnstefnda loks fram greinargerð sína í gagnsök, og var þá veittur sameiginlegur frestur í 4 vikur til öflunar gagna. Að honum liðnum var veittur tveggja vikna framhaldsfrestur í sama skyni svo og til sáttaumleitana og að honum liðnum enn tveggja vikna fram-

haldsfrestur til þess að ljúka gagnasöfnun í málinu. Hinn 5. apríl 1945 var loks veittur 3 vikna framhaldsfrestur til gagnasöfnunar aðallega í því skyni að fá fyrir dóm skýrslu forstjóra aðalstefnanda. Af því varð þó eigi, og töldu umboðsmenn aðilja gagnasöfnun lokið á bæjarþingi hinn 26. apríl 1945, þó þannig að umboðsmaður gagnstefnanda áskildi sér rétt til aðiljayfirheyrslu yfir forstjóra aðalstefnanda, og umboðsmaður aðalstefnanda áskildi sér sams konar rétt gagnvart forstjóra gagnstefnanda. Dagur til munnlegs flutnings máls þessa var síðan ákveðinn oftari en einu sinni, en flutningi þess frestað vegna tilmæla umboðsmanna aðiljanna, sem töldu, að sættir væru að komast á í málinu. Er sýnt þótti af drætti málsins, að sættir hefðu ekki tekizt, var ákveðið, að munnlegur flutningur málsins skyldi fram fara hinn 1. marz næstkomandi, og var umboðsmönnum aðiljanna tilkynnt sú ákvörðun hinn 19. þ. m. Að beiðni umboðsmanns gagnstefnanda var skýrsla tekin fyrir dómi af forstjóra aðalstefnanda á bæjarþingi hinn 22 þ. m. Í því þinghaldi óskaði umboðsmaður gagnstefnanda þess, að tekin yrði fyrir dómi skýrsla af framkvæmdastjóra umbjóðanda hans, og óskaði eftir 4 vikna fresti til þess, þar eð framkvæmdarstjórinn væri nú erlendis og ekki væntanlegur hingað til lands fyrr en í næsta mánuði.

Umboðsmaður aðalstefnanda mótmælti frekari fresti í málinu, og var atriðið því tekið til úrskurðar.

Af því, sem að framan hefur verið sagt um rekstur máls þessa, þykir ljóst, að aðiljar hafi haft nægilega fresti til að ljúka gagnasöflun í því. Verður því með skirskotun til 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 að synja um hinn umbeðna frest.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómarans, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.